

2009:1 • 1. júlí 2009

Verðmæti seldra framleiðsluvara 2008

Value of sold production 2008

Samantekt Heildarverðmæti seldra framleiðsluvara árið 2008 var 545 milljarðar króna, en það er aukning um rúma 160 milljarða króna frá árinu 2007 og 10,6% aukning að raun-gildi. Heildarverðmæti seldra framleiðsluvara árið 2008 án fiskafurða og framleiðslu málma var tæpir 187 milljarðar króna samanborið við 174 milljarða króna árið 2007. Þetta er aukning um rúma 13 milljarða milli ára. Hlutdeild einstakra atvinnugreina í söluverðmæti framleiðsluvara var nokkuð stöðug milli áranna 2007 og 2008 fyrir utan mikla aukningu í framleiðslu málma þar sem verðmæti seldrar framleiðslu jókst um rúma 106 milljarða króna milli ára. Af einstökum atvinnugreinum er hlut-deild matvæla- og drykkjarvöruframleiðslu stærst, 43,0%, þar af vegur framleiðsla fiskafurða þyngst, 29,7% af heildarverðmæti seldra framleiðsluvara.

Iðnaðarskýrslur

Um skýrslugerðina Hagstofa Íslands hefur tekið saman tölur yfir seldar framleiðsluvörur á Íslandi árið 2008. Grundvöllur söfnunar og úrvinnslu upplýsinganna er vöruskrá Evrópusambandsins, PRODCOM, sem gefur kost á samanburði á framleiðslu hérlandis við önnur lönd á Evrópska efnahagssvæðinu. Upplýsingum var safnað um magn og verðmæti seldrar framleiðsluvöru. Að auki var upplýsingum safnað um veitta þjónustu sem í vöru-skránni er flokkuð sem framleiðsla, þar með talið sérhæfð viðgerðarþjónusta.

Ný atvinnugreinaflokkun, ÍSAT2008 Hinn 1. janúar 2008 tók gildi ný atvinnugreinaflokkun á Íslandi, ÍSAT2008. Flokk-unin er byggð á nýrri atvinnugreinaflokkun Evrópusambandsins, NACE Rev. 2, sem gildir í öllum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins. NACE Rev. 2 er grunnur að PRODCOM-vöruskránni sem tók því einnig nokkrum breytingum á síðasta ári. Helstu breytingar eru að útgáfustarfsemi telst nú ekki til iðnaðarstarfsemi auk þess sem sérhæfðar viðgerðir eru nú teknar saman í sér flokk í stað þess að vera taldar með framleiðslu á viðkomandi vélum og búnaði. Eins teljast viðgerðir og viðhald á hlutum til heimilis- og einkanota ekki lengur til iðnaðarstarfsemi.

Þátttakendur Gagnasöfnun nær til þeirra iðnfyrirtækja sem samkvæmt virðisaukaskýrslum voru árið 2008 með yfir 90% af veltu hveirrar deildar þeirra atvinnugreina sem skilgreindar eru sem framleiðslugreinar. Alls 582 fyrirtæki fengu sent eyðublað til útfyllingar. Fyrirtækjum í fiskvinnslu var ekki send skýrsla þar sem upplýsingar um söluverðmæti fiskvinnslu fengust úr tollskýrslum. Einnig eru notaðar tölur úr útflutningsskýrslum til nálgunar á álframleiðslu. Velta fyrirtækjanna vegna iðnaðarstarfsemi árið 2008 var 545 milljarðar króna. Alls veittu 361 fyrirtæki fullnægjandi upplýsingar um seldar framleiðsluvörur; 39 fyrirtæki reyndust ekki vera í iðnaðarframleiðslu en seld framleiðsla annarra fyrirtækja var áætluð út frá veltu samkvæmt virðisaukaskatt-



skýrslum og starfsemi sambærilegra fyrirtækja sem skiluðu upplýsingum. Velta fyrirtækja sem skiluðu nothæfum upplýsingum er áætluð um 89% af heildarveltu þeirra fyrirtækja sem leitað var til (miðað við veltu vegna seldra framleiðsluvara). Velta þeirra 543 fyrirtækja sem Hagstofa Íslands leitar nú til er áætluð um 98% af heildarveltu iðnfyrirtækja í landinu.

Reglur um birtingu talna

Í töflum eru birtar upplýsingar um heildarverðmæti seldrar framleiðsluvöru fyrir hvert tveggja stafa ÍSAT2008-atvinnugreinanúmer. Heildarverðmæti er því næst sundurliðað niður á þriggja til níu stafa PRODCOM-vörunúmer. Verðmæti þeirra vörutegunda sem ekki eru sérstaklega sundurliðaðar er lagt saman og birt undir safnliðnum „Aðrar vörur ótilgreindar annars staðar“.

Reglur Hagstofu Íslands um upplýsingaleynd og trúnað við einstök fyrirtæki útiloka birtingu á sundurliðuðum niðurstöðum við fyrirfram skilgreindar aðstæður nema að höfðu samráði við hlutaðeigandi framleiðendur. Reglur um upplýsingaleynd eiga við þegar færri en þrjú fyrirtæki framleiða tiltekna vörutegund, þegar eitt fyrirtæki er með yfir 85% hlutdeild í framleiðslu eða þegar tvö fyrirtæki hafa yfir 90% hlutdeild.


Heildarverðmæti seldrar framleiðslu

Heildarverðmæti 545 milljarðar króna árið 2008, 10,6% raunhækkun frá 2007

Heildarverðmæti seldra framleiðsluvara var 545 milljarðar króna árið 2008 en var 385 milljarðar króna árið 2007 sem er 41,6% aukning milli ára. Á sama tíma hækkaði vísitala framleiðsluverðs um 31,0% og jafngildir þetta 10,6% hækkun á raunverðmæti. Heildarverðmæti seldra framleiðsluvara án fiskafurða og framleiðslu málma jókst um rúm 7,5% milli árána 2007 og 2008, úr 174 milljörðum króna árið 2007 í 187 milljarða króna árið 2008.

Mynd 1. Verðmæti seldra framleiðsluvara, án fiskvinnslu og framleiðslu málma 2007 og 2008

Figure 1. Value of sold production, excluding fish production and manufacturing of basic metals 2007 and 2008



Verðmæti útfluttra fiskafurða jókst um 34% Útflutningsverðmæti framleiddra sjávarafurða var 162 milljarðar króna árið 2008 sem er töluverð aukning eða um tæp 34% frá árinu 2007 þegar fluttar voru út framleiddar sjávarafurðir fyrir rúmlega 121 milljarð króna. Á sama tíma jókst magn útfluttra fiskafurða um 10,3%, úr 571 þúsund tonnnum árið 2007 í 630 þúsund tonn árið 2008.

Mikil aukning í framleiðslu málma Milli áráanna 2007 og 2008 jókst verðmæti seldra framleiðsluvara í 14 atvinnugreinum en dróst saman í fjórum. Framleiðsla málma jókst mest, fór úr rúmlega 90 milljörðum króna árið 2007 í tæplega 197 milljarða króna árið 2008, en það jafngildir um 118% aukningu á milli ára. Í atvinnugreininni önnur framleiðsla nam aukningin 51% eða rúmum 1,8 milljörðum króna. Verðmæti seldrar framleiðslu í námi og vinnslu hráefna úr jörðu jókst um 28%, framleiðsla á öðrum vélum og tækjum jókst um 27% og verðmæti seldrar viðgerðarþjónustu og uppsetningar á sérhæfðum vélum og tækjum jókst um 26% á milli áráanna 2007 og 2008. Í framleiðslu á matvælum og drykkjarvörum, án framleiðslu fiskafurða, nam aukningin tæplega 6,7 milljörðum króna eða 10,2% þar sem verðmæti seldrar framleiðslu fór úr tæpum 65,4 milljörðum króna árið 2007 í rúma 72 milljarða króna árið 2008.

Milli áráanna 2007 og 2008 varð samdráttur hlutfallslega mestur í framleiðslu á vörum úr málmausum steinefnum þar sem verðmæti seldra framleiðsluvara dróst saman um tæpa 3,4 milljarða króna eða 16%. Verðmæti framleiðslu á húsgögnum og innrétt-ingum dróst einnig saman um rúm 9% þar sem verðmæti seldrar framleiðslu lækkaði um rúmar 400 milljónir króna á milli ára.

English summary

The total value of sold production amounted to 545 billion ISK in 2008, an increase of 160 billion ISK from the previous year, 10.6% in real terms. The value of sold production excluding fish production and manufacturing of basic metals accounted for 187 billion ISK compared with 174 billion ISK in 2007. The value of sold production increased in 14 out of every 18 economic activities during this period. The greatest increase was in the manufacture of basic metals which value of sold production rose from 90 billion ISK in 2007 to 196 billion ISK in 2008.

The share of each economic activity in the total production was relatively stable between 2007 and 2008. The economic activity of food and beverage manufacture had the highest proportion with a share of 43% in 2008, thereof 29.7% in fish production.

Tafla 1. Heildarverðmæti seldra framleiðsluvara 2007–2008

Table 1. Value of sold production 2007–2008

		2007		2008	
		Verðmæti, millj. kr Value, mill. ISK	%	Verðmæti, millj. kr Value, mill. ISK	%
Alls Total		385.080	100,0	545.464	100,0
Heildarverðmæti seldrar framleiðsluvara án sjávarafurða					
Total value of sold production excluding fish production		263.663	68,5	383.212	70,3
08	Nám og vinnsla annarra hráefna úr jörðu <i>Other mining and quarrying</i>	2.365	0,6	3.018	0,6
10/11	Matvæla- og drykkjarvöruframleiðsla <i>Manufacture of food products and beverages</i>	186.789	48,5	234.301	43,0
	Þar af sjávarafurðir <i>There of fish production</i>	121.416	31,5	162.252	29,7
13	Framleiðsla á textílörum <i>Manufacture of textiles</i>	2.164	0,6	2.319	0,4
14/15	Framleiðsla á fatnaði, leðri og leðurörum <i>Manufacture of wearing apparel and leather products</i>	588	0,2	669	0,1
16	Framleiðsla á viði og viðarörum <i>Manufacture of wood and of products of wood</i>	3.607	0,9	3.422	0,6
17	Framleiðsla á pappír og pappírsvöru <i>Manufacture of paper and paper products</i>	1.697	0,4	1.979	0,4
18	Prentun og fjölföldun upptekins efnis <i>Printing and reproduction of recorded media</i>	8.991	2,3	9.593	1,8
20/21	Framleiðsla á efnum og efnavörum; lyfjum <i>Manufacture of chemicals and chemical products</i>	11.676	3,0	11.289	2,1
22	Framleiðsla á gúmmí- og plastörum <i>Manufacture of rubber and plastic products</i>	6.359	1,7	6.536	1,2
23	Framleiðsla á vörum úr málmausum steinefnum <i>Manufacture of other non-metallic mineral products</i>	21.107	5,5	17.742	3,3
24	Framleiðsla málma <i>Manufacture of basic metals</i>	90.045	23,4	196.547	36,0
25	Framleiðsla á málmvörum, að undanskildum vélum og búnaði <i>Manufacture of fabricated metal products, except machinery and equipment</i>	14.681	3,8	14.992	2,7
26/27	Framleiðsla á tölvu-, rafeinda- og optískum vörum; rafbúnaði <i>Manufacture of computer, electronic and optical products and equipment</i>	2.109	0,5	2.172	0,4
28	Framleiðsla á öðrum ótöldum vélum og tækjum <i>Manufacture of machinery and equipment n.e.c.</i>	10.517	2,7	13.360	2,4
29/30	Framleiðsla á farartækjum <i>Manufacture of transport equipment</i>	2.015	0,5	2.514	0,5
31	Framleiðsla á húsgögnum og innréttingum <i>Manufacture of furniture</i>	4.475	1,2	4.063	0,7
32	Önnur framleiðsla <i>Other manufacturing</i>	3.552	0,9	5.363	1,0
33	Viðgerðir og uppsetning vélbúnaðar og tækja <i>Repair and installation of machinery and equipment</i>	12.342	3,2	15.584	2,9

Tafla 2. Seldar framleiðsluvörur 2008

Table 2. Sold production 2008

PRODCOM					Verðmæti, millj. kr. <i>Value, mill. ISK</i>
		Eining <i>Units</i>	Fjöldi fyrirtækja <i>Number</i>	Magn <i>Quantity</i>	
08	Nám og vinnsla annarra hráefna úr jörðu	•	3.018,0
10/11	Matvæla- og drykkjarvöruframleiðsla				234.301,0
101111	Nýtt eða fryst nautgripakjöt	kg	11	2.348.199	1.723,7
101112	Nýtt eða fryst svínakjöt	kg	12	1.088.941	645,2
101113	Nýtt eða fryst lamba- og kindakjöt	kg	11	4.911.783	4.163,3
101115	Nýtt eða fryst hrossakjöt	kg	9	721.794	584,5
1012	Nýtt eða fryst kjöt af hænsnum og kjúklingum	•	5	...	4.136,8
101120	Annað nýtt, kælt eða fryst kjöt og innmat	•	6	...	191,0
101311200	Svínakjöt, reykt saltað eða þurrkað	kg	10	1.370.890	1.307,3
101313002	Lamba- og kindakjöt, reykt, saltað eða þurrkað	kg	9	491.323	652,1
101313009	Annað kjöt, reykt, saltað eða þurrkað	kg	6	98.444	74,9
101314	Pylsur	kg	7	1.366.342	1.102,3
101315150	Aðrar unnar vörur úr dýralifur, s.s. lifrarkæfa og lifrarpaté	kg	5	400.461	260,9
101315450	Unnið kjöt og kjötvörur úr svínakjöti	kg	11	3.355.468	2.474,9
101315850	Unnið kjöt og kjötvörur úr nauta- og kálfakjöti	kg	13	1.683.314	1.771,8
101315951	Unnið kjöt og kjötvörur úr lamba- og kindakjöti	kg	14	1.315.720	1.540,6
101315959	Aðrar unnar vörur úr kjöti eða innmat	•	9	...	1.751,5
102011000	Fersk fiskflök og annar beinlaus fiskur	t	...	21.732	20.177,6
102012000	Fersk fisklifur og hrogn	t	...	60	29,4
102013300	Heilfrystur sjávarfiskur	t	...	112.030	16.580,2
102014000	Fryst fiskflök	t	...	91.699	36.068,0
102015000	Frustur beinlaus fiskur, t.d. gellur	t	...	55.989	7.941,4
102016000	Fryst fisklifur og hrogn	t	...	12.729	5.661,5
102021000	Fiskflök, þurrkuð, söltuð eða í saltlegi, en ekki reykt	t	...	19.907	13.680,9
102022000	Fín- og gröfmalað fiskmjöl og fiskköggjar, hæft til manneldis; fisklifur og hrogn; þurrkuð, reykt, söltuð eða í saltlegi	t	...	2.610	1.716,0
102023000	Þurrkaður fiskur, saltaður og ósaltaður; saltaður en óþurrkaður fiskur; fiskur í saltlegi (þó ekki reykt fiskflök)	t	...	40.886	21.751,3
102024200	Reyktur lax (einnig í flökum)	t	...	48	200,2
102024800	Reyktur fiskur (einnig í flökum) (þó ekki lax og síld)	t	...	173	161,3
102025100	Unnar vörur úr laxi í heilu eða stykkjum; þó ekki hakkaður lax	t	...	5	58,8
102025200	Unnar vörur úr síld í heilu eða stykkjum; þó ekki hökkuð síld	t	...	478	88,9
102025800	Unnar vörur úr öðrum fiski (þó ekki fiskstautar)	t	...	4	3,5
102025900	Unnar vörur úr fiski (þ.m.t. pylsur og kæfa úr fiski, jafnblandaður fiskur, unnið mjöl og hakk)	t	...	1.207	576,5
102026600	Kavíarlíki	t	...	1.064	1.421,2
102031000	Fryst krabbadýr; fryst mjöl og köggjar úr krabbadýrum; hæft til manneldis	t	...	15.724	10.845,9
102032000	Frustur hörpuðiskur og kræklingur; þurrkaður, saltaður eða í saltlegi	t	...	28	2,7
102033000	Aðrir vatnahryggleysingjar: frystir, þurrkaðir eða saltaðir	t	...	834	242,3
102034000	Unnar afurðir úr krabbadýrum, lindýrum o.þ.h.	t	...	9	11,2
102041000	Mjöl, gróf- og finmalað, og köggjar úr fiski eða úr krabbadýrum, lindýrum og öðrum vatnahryggleysingjum, óhæft til manneldis	t	...	148.215	13.581,2
102042000	Óætar fiskafurðir, þ.á m. fiskur til beitu og fódurs	t	...	49.411	1.258,0
1031/1039	Kartöflur unnar og varðar skemmdum / Ávextir og grænmeti unnið og varið skemmdum	•	8	...	1.681,6
104112000	Feiti og oliur og þættir þeirra unnar úr fiski eða sjávarspendýrum (þó ekki efnafræðilega umbreyttar)	t	...	54.759	10.048,7
107111000	Nýtt brauð	•	44	...	4.921,2
107112000	Kökur og sætabrauð; aðrar bakarísvörur blandaðar sætuefnum	•	44	...	2.729,8
107212	Sætaker og smákökur, vöflur og kexþynnur	•	38	...	1.217,8
1082	Framleiðsla á súkkulaði og sælgæti; kakói	kg	6	6.291.203	2.805,1

Tafla 2. Seldar framleiðsluvörur 2008 (frh.)
Table 2. Sold production 2008 (cont.)

PRODCOM					Verðmæti, millj. kr. <i>Value, mill. ISK</i>
		Eining <i>Units</i>	Fjöldi fyrirtækja <i>Number</i>	Magn <i>Quantity</i>	
108311	Brennt kaffi	kg	3	715.053	779,5
1084	Framleiðsla á bragðefnum og kryddi	•	8	...	700,4
1091/1092	Húsdýra- og fiskeldisfóður; Gæluðýrafóður	•	7	...	5.012,4
1105	Bjór, pilsner og malt	1	3	18.811.416	} 8.820,3
1107	Vatn og gosdrykkir	1	5	62.160.315	
	Aðrar vörur ót.a.s. (þ.m.t. mjólkurafurðir)				21.145,1
13	Framleiðsla á textílvörum				2.318,6
1394	Kaðlar, seglgarn og fiskinet	•	8	...	1.460,5
	Aðrar vörur ót.a.s.				858,1
14/15	Framleiðsla á fatnaði, leðri og leðurvörum	•	16	...	668,8
16	Framleiðsla á við og viðarvörum	•	33	...	3.422,3
17	Framleiðsla á pappír og pappírsvöru	•	5	...	1.978,8
18	Prentun og fjölföldun upptekins efnis	•	32	...	9.593,2
20/21	Framleiðsla á efnum og efnavörum; lyfjum	•	15	...	11.288,6
22	Framleiðsla á gúmmí- og plastvörum				6.536,2
221	Framleiðsla á gúmmívörum	•	4	...	415,9
222	Framleiðsla á plastvörum	•	24	...	6.120,3
23	Framleiðsla á vörum úr málmausum steinefnum				17.742,4
231	Framleiðsla á gleri og vörum úr gleri	•	5	...	1.216,3
236	Framleiðsla á vörum úr steinsteypu, sementi og gífsi	•	14	...	9.281,9
237	Steinsmíði	•	6	...	1.275,9
239913100	Malbik	•	5	...	2.884,2
	Aðrar vörur ót.a.s.				3.084,1
24	Framleiðsla málma				196.546,9
241012300	Kísiljárn	t	1	107.882	13.055,4
241012900	Annað járnblend, ót.a.s.	t	1	6.067	359,6
244211300	Hreint, óunnið ál	t	3	761.204	182.186,3
	Aðrar vörur ót.a.s.				945,6
25	Framleiðsla á málmvörum, að undanskildum vélum og búnaði	•	112	...	14.992,0
26/27	Framleiðsla á tölvu-, rafeinda- og optískum vörum; rafbúnaði og heimilistækjum	•	18	...	2.172,2
28	Framleiðsla á öðrum ótöldum vélum og tækjum	•	36	...	13.360,2
29/30	Framleiðsla á farartækjum	•	17	...	2.514,1
31	Framleiðsla á húsgögnum og innréttingum	•	34	...	4.063,3
32	Framleiðsla, ót.a.s.	•	10	...	5.363,3
33	Viðgerðir og uppsetning vélbúnaðar og tækja	•	100	...	15.583,6

Hagtíðindi **Iðnaður**
Statistical Series ***Manufacturing***

94. árg. • 39. tbl.
ISSN 0019-1078

2009:1

ISSN 1670-455X (prentútgáfa *print edition*) • ISSN 1670-4568 (rafraæn útgáfa *PDF*)
Verð kr. *Price* ISK 900 • € 7

Umsjón *Supervision* Stefán Sigurðsson • stefan.sigurdsson@hagstofa.is

Sími *Telephone* (+354) 528 1000
Bréfasími *Fax* (+354) 528 1099

© Hagstofa Íslands *Statistics Iceland* • Borgartúni 21a 150 Reykjavík Iceland
Öllum eru heimil afnot af ritinu. Vinsamlegast getið heimildar. *Please quote the source.*
www.hagstofa.is/hagtidindi www.statice.is/series